



Innviðaráðuneytið

Sölvhólsögðu 7  
101 Reykjavík

Vesturbyggð, 7. mars 2023  
2302081 PSS

Efni: Umsögn Vesturbyggðar um frumvarpsdrög um breytingu á hafnalögum

Vísað er til frumvarpsdraga til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003 sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 21. febrúar 2003, þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að frumvarpi til breytinga á hafnalögum.  
Vesturbyggð gerir athugasemdir við einstök atriði frumvarpsins eins og fram kemur hér að neðan.

## 1. Tillaga um breytingu skipulagi hafnarsvæðis og leyfi til mannvirkjagerðar

Með 3. gr. frumvarpsdraga eru gerðar tillögur að breytingum á 1. málslíð 1. mgr. 5. gr. hafnalaga þar sem lagt er til að sé strandsvæðaskipulag í gildi á hafsvæði hafnar skuli skipulag hafnarsvæðis taka mið af því. Verði þessi grein samþykkt óbreytt er fest í sessi að strandsvæðaskipulag teljist rétt hærra skipulagi sveitarstjórnar. Þar með er skipulagsvald sveitarfélagsins gert réttlægra og sveitarfélög þurfi að haga skipulagi hafna í samræmi við viðkomandi strandsvæðaskipulag. Samkvæmt gildandi 5. gr. hafnalaga hefur sveitarstjórn forræði á skipulagi hafnarsvæðis, í samráði við hafnarstjórn, og hefur því bæði skipulagsrétt og skyldu vegna þess svæðis sem nauðsynlegt er vegna þarfa hafnarinnar.

Vesturbyggð gerir alvarlegar athugasemdir við að skipulagsval sé tekið af sveitarfélögum með þessum hætti þar sem mikilvægt er fyrir hafnarstarfsemi og atvinnuþróun sveitarfélaga að hafa sjálfsákvörðunarrétt í skipulagi sveitarfélaga.

## 2. Tillaga um heimild til rafrænnar vöktunar

Með 5. gr. frumvarpsdraga eru gerðar tillögur að því að bæta við nýrri grein eftir 7. gr. hafnalaga, 7. gr. a, um rafræna vöktun.

Vesturbyggð ítrekar fyrri umsagnir sem borist hafa frá sveitarfélaginu varðandi heimildir til rafrænnar vöktunar. Nauðsynlegt er að bætt verði við greinina um rafræna vöktun að hafnastjórn verði heimilt að veita Fiskistofu og HMS aðgang að rafrænni vöktun hafna þegar um fjarvigtun er að ræða. Hafnasjóður Vesturbyggðar óskað eftir samstarfi með Fiskistofu og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um heimild til fjarvigtunar á Brjánslækjarhöfn og væri breytingin á tillögu frumvarpsins til þess fallin að rýmka fyrir því að unnt verði að heimila fjarvigtun.

Vesturbyggð leggur til að 7. gr. a verði svohljóðandi:  
„Rafræn vöktun.“



Stjórn hafnar er heimilt að viðhafa rafræna vöktun á hafnarsvæði eða taka myndir með reglulegu millibili í öryggisskyni. Henni er jafnframt heimilt að miðla upplýsingum sem þannig er aflað til notenda hafna með rafrænum hætti í rauntíma í því skyni að notendur geti fylgst með aðstæðum hafna. Þá er heimilt að miðla upplýsingum með rafrænum hætti til Vaktstöðvar siglinga vegna verkefna hennar og til lögreglu, Landhelgisgæslu Íslands og rannsóknarnefndar samgönguslysa þegar rannsakað er sakamál, mannhvarf eða samgönguslys. Enn fremur er stjórn hafna heimilt að veita Fiskistofu og Húsnæðis- og mannvirkjastofu aðgang að rafrænni vöktun hafna þegar um fjarvigtun er að ræða. Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla fyrir um vinnslu persónuupplýsinga og skilyrði hennar.“

### 3. Ákvæði um eldisgjald af eldisfiski í sjókvíum

Með 7. gr. frumvarpsdraga eru gerðar tillögur að breytingum á 17. gr. hafnalaga um gjaldtöku með sérstakri heimild til að innheimta eldisgjald af eldisfiski í sjókvíum, en Vesturbyggð hefur lagt mikla áherslu á að heimildin verði staðfest í lögunum. Vesturbyggð tekur undir umsögn hafnasambandsins við frumvarpsdrögin um að 2. másl. ákvæðisins sé óþarfur eins og hann er settur fram. En í 2. másl. er tiltekið hvaða kostnaðarliðum eldisgjald skuli standa undir. Vesturbyggð telur óforsvaranlegt að eldisgjald standi ekki undir sömu rekstrarliðum og gjaldtaka skv. 2. mgr. 17. gr., sem skilgreint er, með skýrum hætti, í 1. mgr. 17. gr. gildandi hafnalaga, þ.e. í samræmi við 5. tölul. 3. gr. Vesturbyggð telur að eldisgjald skuli standa undir öllum rekstrarkostnaði hafna eins og önnur gjöld sem tekin eru skv. hafnalögum. Vesturbyggð leggur þó til að við 5. tölul. 3. gr. skuli bæta við kostnaði vegna dýpkunar hafna, sem er hluti rekstrarkostnaðar hafna.

Vesturbyggð leggur til að ákvæði um eldisgjald verði svohljóðandi:

„Eldisgjald af eldisfiski í sjókvíum, þar með talin eldisseiði, sem umskipað er, lestaður er eða losaður í höfnunum. Eldisgjald má miða við heildarverðmæti af eldisfiski að hámarki 3% eða þyngd eldisfisks eins og fiskurinn fer um höfnina, óslægður. Gjöld samkvæmt þessum staflíð skulu greidd af þeim sem rækta eldisfiskinn sem fer um höfn hverju sinni.“

Vesturbyggð ítrekar álit sitt á því að brýn þörf sé til þess að ganga til heildarendurskoðunar á hafnalögum í stað bútasaums við núverandi lög.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða sé frekari upplýsinga eða útskýringa þörf.

Virðingarfyllt,  
  
Þórdís Sif Sigurðardóttir,  
bæjarstjóri

#### Fylgiskjöl:

- Umsögn Vesturbyggðar um frumvarp til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003, dags. 21. mars 2022.
- Umsögn Vesturbyggðar um frumvarp til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003, dags. 9. mars 2021.
- Umsögn Vesturbyggðar um frumvarp til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003, dags. 23. nóvember 2020.



Innviðaráðuneytið

Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Vesturbyggð, 21. mars 2022  
2203047 RH

## **Efni: Umsögn um framvarp til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003**

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003 sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 8. mars 2022.

Hafna- og atvinnumálaráð Vesturbyggðar fjallaði um drögin á 38. fundi ráðsins 14. mars sl. og bókaði eftirfarandi:

*Lögð fram drög að frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (EES-reglur, gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.).*

*Frumvarpið er nú aftur birt í samráðsgátt með umsagnarfrést til 21. mars 2022. Vesturbyggð hafði áður skilað inn umsögn um breytingar á lögnum dags. 9. mars 2021.*

*Til viðbótar við fyrri umsögn vill Hafna- og atvinnumálaráð bæta inn í 3. gr frumvarpsins að stjórn hafna verði einnig heimilt að veita Fiskistofu og HMS aðgang að rafrænni vöktun hafna þegar um fjarvigtun er að ræða.*

Með vísan til framangreinds er lagt til að bætt verði við í 3. gr. frumvarpsins að stjórn hafna verði heimilt að veita Fiskistofu og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun aðgang að rafrænni vöktun hafna, þegar um er að ræða framkvæmd við fjarvigtun. Hafnasjóður Vesturbyggðar hefur óskað eftir samstarfi með Fiskistofu og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um heimild til fjarvigtunar á Brjánlækjarhöfn og væri breyting á ákvæði hafnalaga til þess fallin að rýmka fyrir því að unnt verði að heimila fjarvigtun.

Vísað er einnig til meðfylgjandi umsagnar um frumvarpið dags. 9. mars 2021, þar sem gerðar voru athugasemdir við nú 6. gr. frumvarpsins. Í umsögninni er mælt fyrir um breytingar á 17. gr. hafnalaga. Þar kom fram tillaga Vesturbyggðar þess efnis að eldisgjald skuli ákveðið út frá heildaraflaverðmæti í samræmi við ákvæði laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð nr. 89/2019. Þá verði í ákvæðinu bætt við að dýpkun hafna sé meðal þeirra kostnaðarliða sem gjaldinu er ætlað að standa undir.

Samkvæmt umsgögn Vesturbyggðar dags. 9. mars 2021 er lagt til að við 1. tölul. 2. mgr. 17. gr. bættist nýr staflíður, svohljóðandi: Eldisgjald af eldisfiski í sjókvíum, þ.m.t. eldisseiði, sem umskipað er, lestaður er eða losaður í höfnum. *Sé gjaldið innheimt skal það vera minnst 0,7% og mest 3,0% af heildaraflaverðmæti miðað við meðaltal alþjóðlegs markaðsverðs á Atúantshafslaxi fyrir þann mánuð sem slátrun fer fram. Stofn til álagningar gjalds samkvæmt tölulið þessum skal miða við þyngd afurða eftir slátrun, slægðan fisk.*



## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Hafnargjald samkvæmt þessum staflið skal standa undir kostnaði við að byggja, reka, viðhalda og endurnýja viðlegumannvirki, *dýpkun hafna*, aðstöðu við bryggjur og á hafnarbakka, þar sem við á, og almennan rekstrar- og stjórnunarkostnað. Gjöld samkvæmt þessum staflið skulu greidd af þeim sem ræktað hafa og eiga eldisfiskinn sem fer um höfn hverju sinni.

Að öðru leyti vísar Vesturbyggð til fyrri umsagna dags. 23. nóvember 2020 og 9. mars 2021.





## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Alþingi nefndarsvið  
Umhverfis- og samgöngu nefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 9. mars 2021  
2102066 RH

### Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003

Vísað er til tölvupósts nefndarsviðs Alþingis dags. 23. febrúar 2021, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum (EES-reglur, gjaldtaka, rafræn vöktun), 509. mál.

Frumvarpið var tekið fyrir á 915. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar þann 23. febrúar sl. og bæjarstjóra falið að senda inn umsögn sveitarfélagsins um frumvarpið.

#### Breyting á hafnalögum - fiskeldi

Sveitarfélagið Vesturbyggð hefur um nokkurra ára skeið bent á mikilvægi þess að ákvæði hafnalaga verði endurskoðuð með tilliti til fiskeldis og þeirra auknu umsvifa sem sú starfsemi hefur haft á hafnamannvirki sveitarfélaga. Vesturbyggð fagnar þar af leiðandi að fram sé komið frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, sem m.a. snúa að gjaldtöku af eldisfiski. Að mati sveitarfélagsins þarf þó frekari endurskoðunar við og fagnar Vesturbyggð því að skv. greinagerð frumvarpsins muni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti vinna að frekari umbótum á ákvæðum hafnalagam, en mikilvægt er að sú vinna hefjist sem fyrst.

#### Breyting á 17. gr. hafnalaga skv. 3. gr. frumvarpsins

Vesturbyggð leggur til eftirfarandi breytingu á a. lið 3. gr. frumvarpsins:

- a. Við 1. tölul. 2. mgr. 17. gr. bætist við nýr stafliður, svohljóðandi: Eldisgjald af eldisfiski í sjókvíum, þ.m.t. eldisseiði, sem umskipað er, lestaður er eða losaður í höfnum. *Sé gjaldið innheimt skal það vera minnst 0,7% og mest 3,0% af heildaraftaverðmæti miðað við meðaltal alþjóðlegs markaðsverðs á Atlantshafslaxi fyrir þann mánuð sem slátrun fer fram. Stofn til úlagningar gjalds samkvæmt tölulíð þessum skal miða við þyngd afurða eftir slátrun, slægðan fisk.* Hafnargjald samkvæmt þessum staflið skal standa undir kostnaði við að byggja, reka, viðhalda og endurnýja viðlegumannvirki, *dýpkun hafna*, aðstöðu við bryggjur og á hafnarbakka, þar sem við á, og almennan rekstrar- og stjórnunarkostnað. Gjöld samkvæmt þessum staflið skulu greidd af þeim sem ræktað hafa og eiga eldisfiskinn sem fer um höfn hverju sinni.

Ofangreind tillaga tekur mið af fjárhæð gjalds sem tekið er á hvert kílógramm slátraðs lax í samræmi við lög um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð nr. 89/2019, en þar segir í 2. mgr. 2. gr. laganna að fjárhæð gjalds á hvert kílógramm slátraðs lax skuli miðast við meðaltal alþjóðlegs markaðsverðs á atlantshafslaxi frá ágúst til október næst fyrir



## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Ákvörðunardag. Í ofangreindri tillögu Vesturbyggðar er horft til þess að þyngd miðist við þyngd afurða eftir slátrun, slægðan fisk. Með því að miða gjaldið við heildaraflaverðmæti, taka bæði sveitarfélög og fiskeldisfyrirtæki á sig þær sveiflur sem kunna að verða á markaði, með sambærilegum hætti og farið er með aflagjöld af hvítfisk, þar sem hafnasjóður tekur á sig lækkun gjalda ef verð á markaði lækkar.

Vesturbyggð ítrekar jafnframt mikilvægi þess að dýpkun hafna sé meðal kostnaðarliða sem gjaldinu er ætlað að standa undir. Fullyrðing í frumvarpinu þess efnis að stærð fiskeldisskipa geti ekki kallað á dýpkun hafna og ekki séð að þörf sé á slíkri heimild vegna djúpristu fiskeldisskipa, vekur furðu sveitarfélagsins og leggur Vesturbyggð til að þessi kostnaðarliður verði tilgreindur í frumvarpinu eins og er gert með aðra kostnaðarliði sem aflagjaldi er ætlað að standa undir. Að öðrum kosti þarf að skilgreina hvaða skip teljist til svokallaðra „fiskeldisskipa,“ en t.d. má nefna að sláturskipið Norwegian Gannet sem m.a. lagðist við Bıldudalshöfn í fyrra, ristir um 8 metra á meðan almennir línu- og dragnótabátar sem leggjast að bryggju í sveitarfélaginu rista um 6-7 metra. Að mati Vesturbyggðar er því nauðsynlegt að kostnaður við dýpkanir hafna sé hluti af þeim kostnaði sem gjaldinu er ætlað að standa undir.

### Eldisgjald

Verði frumvarpið óbreytt, þar sem mælt er fyrir um eldisgjald þá er mikilvægt að ljóst sé á hvaða gögnum verð á kg. eða tonn skuli byggt. Til hvaða tímabils ber t.d. höfnum að horfa til þegar litið er til þeirra kostnaðarpáttanna sem þjónustugjaldinu er ætlað að standa undir og tilgreindir eru í drögunum. Áætlanir um viðhald og endurnýjun viðlegumannvirkja nær oftast en ekki yfir nokkurra ára tímabil og þá er staða hafna misjöfn, þar af leiðandi þarf að tilgreina til hversu langs tímabils viðkomandi hafnasjóði ber að líta til. Getur það sérstaklega átt við hafnir þar sem jafnvel áratuga uppsöfnuð viðhaldsþörf er til staðar og mikilvægt er að tekjur af eldisfiski standi undir slíkum rekstri og framkvæmdum lík og aðrar tekjur. Þá er æskilegt að skýrt sé að þar sem hafnarsjóðir fari með rekstur margra hafna að heimilt sé að ráðstafa þjónustutekjunum af eldisgjaldi á allar þær hafnir sem viðkomandi hafnasjóður rekur, óháð því hvar viðkomandi gjaldtaka nákvæmlega á sér stað. Þá er æskilegt að litið sé til áhrifa þess ef t.d. tekjur af eldisgjaldi falla niður að öllu leyti, hvernig nauðsynlegri fjárfestingu hafnasjóða vegna fiskeldis verði þá mætt. Vesturbyggð fagnar því að bætt hefur verið í frumvarpið, frá því það var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda, heimild ráðherra til að mæla nánar fyrir um gjaldtöku hafna og afslætti af gjöldum og mikilvægt að við vinnslu slíkrar reglugerðar verði litið til framangreindra sjónarmiða.

### Þjónustuhafnir fiskeldis

Vesturbyggð ítrekar einnig mikilvægi þess að þegar horft er til ákvæða hafnalaga vegna fiskeldis að litið sé til umfangs þeirrar starfsemi sem fer fram á hafnarsvæðum í eigu sveitarfélaga. Með tilkomu fiskeldis er aukin umferð þjónustubáta og aukin viðlega slíkra báta í höfnum þar sem fiskeldi er stundað. Það er því mikilvægt að skýr heimild sé til gjaldtöku vegna þeirrar auknu notkunar sem er á hafnarmannvirkjum sveitarfélaganna. Leggur Vesturbyggð því áherslu á að gjaldtaka fyrir þær hafnir sem gegna hlutverki þjónustuhafna og eldisfiski er ekki landað til slátrunar, séu tryggðar skýrar gjaldtökuheimildir og hvetur sveitarfélagið umhverfis- og samgöngunefnd til að gæta að þeim sjónarmiðum sérstaklega við umfjöllun um frumvarpið.

### Áskorun um endurskoðun

Vesturbyggð hefur lagt mikla áherslu á endurskoðun ákvæða hafnalaga vegna fiskeldis um árabíl og skoraði m.a. á samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 16. október 2019 að hafin yrði



## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

slíkur undirbúningur. Í áskorun sveitarfélagsins, var ráðherra hvattur til að skipa starfshóp þar sem hafin yrði m.a. heildarendurskoðun á ákvæðum hafnalaga nr. 61/2003 vegna þeirra breytinga sem aukið fiskeldi hefur haft fyrir hafnir landsins. Einnig lagði Vesturbyggð til að við þá endurskoðun yrði tekið mið af annarri gjaldtöku sem mælt hefur verið fyrir um að innheimt verði af fiskeldi m.a. skv. lögum um fiskeldi nr. 71/2008 og lögum um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð nr. 89/2019. Nauðsynlegt er að heildaryfirsýn náist um þær tekjur sem fiskeldi skilar, sem og hvernig skipting þeirra tekna er á milli ríkis og þeirra sveitarfélaga þar sem sjókvíældi er stundað og bera þá innviðaupbygginu og þjónustuhörf sem þessi atvinnugrein þarfnast.

Undirrituð er reiðubúin að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að fylgja umsögn Vesturbyggðar eftir og svara þeim spurningum nefndarmanna sem kunna að vakna.

Fyrir hönd Vesturbyggðar,

  
Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri





Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 23. nóvember 2020  
2011026 RH

**Efni:** Vegna frumvarps um breytingu á ákvæðum hafnalaga nr. 61/2003

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003 sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 10. nóvember sl. Í frumvarpinu eru innleidd ákvæði reglugerðar (ESB) 2017/352, þar sem settur er rammi um veitingu hafnarþjónustu og sameiginlegar reglur um gagnsæi í fjármálum fyrir hafnir. Einnig er mælt fyrir um rafræna vöktun í höfnum og lögð er til breyting á ákvæði 17. gr. hafnalaga er varða eldisgjald.

Drög frumvarpsins voru lögð fram á 25. fundi hafna- og atvinnuáráðs 11. nóvember 2020 þar sem eftirfarandi var bókað:

*Hafna- og atvinnuáráð fagnar því að fram séu komin drög að frumvarpi til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003, breytingar er snúa að gjaldtöku vegna eldisfisks en sveitarfélagið hefur lengi kallað eftir skýrara regluverki í tengslum við gjaldtöku vegna eldisfisks. Þá eru í frumvarpinu breytingar er snúa að rafrænni vöktun í höfnum, og innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/352 um að setja ramma um veitingu hafnarþjónustu og um sameiginlegar reglur um gagnsæi í fjármálum fyrir hafnir.*

Bæjarráð Vesturbyggðar ræddi eftirfarandi umsögn á 909. fundi ráðsins, 20. nóvember 2020, þar sem eftirfarandi var bókað:

*Bæjarráð Vesturbyggðar tekur undir bókan hafna- og atvinnuáráðs og fagnar því að fram sé komið frumvarp sem ætlað er að skýra gjaldtöku af eldisfisk. Bæjarráð úrskar mikilvægi þess að ákvæði hafnalaga i heild sinni verði endurskoðuð vegna þeirra miklu breytinga sem aukið fiskeldi hefur haft fyrir starfsemi hafna.*

Í drögunum er eftirfarandi breyting lögð til í 3. gr frumvarpsins sem tekur á 17. gr laganna og varða gjaldtöku af eldisfiski:

- a) *Við 1. tölul. 2. mgr. 17. gr. bætist við nýr staflíður, svohljóðandi: Eldisgjald af eldisfiski í sjókvíum sem umskipað er, lestaður er eða losaður í höfnum. Hafnargjald samkvæmt þessum staflíð skal standa undir kostnaði við að byggja, reka, viðhalda og endurnýja viðlegumannvirki, aðstöðu við bryggjur og á hafnarbakka, þar sem við á, og almennan rekstrar- og stjórnunarkostnað. Gjöld samkvæmt þessum staflíð skulu greidd af þeim sem rektað hafa eldisfiskinn sem fer um höfn hverju sinni.*
- b) *3. mgr. orðast svo: Gjaldtaka hafna skv. 2.-10. tölul. 2. mgr., að undanskilinni 3. mgr. 17. gr., skal miðuð að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt sameiginlegum kostnaði, eftir því sem við á.*
- c) *Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:*



## Vesturbyggð

Aðalsráði 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

*Heimilt er að veita afslátt af gjöldum með vísan til umhverfissjónarmiða, orkunýtni eða kolefnisnýtni sjóflutninga samkvæmt nánari útfærslu í gjaldskrá. Afslættir skulu vera gagnsæjar, hlutlægar og án mismununar og samrýmast samkeppnislögum. Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla nánar fyrir um afslætti af gjöldum.*

Vesturbyggð vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum og aflugaseindum við framangreind drög að breytingu á 17. gr. hafnarlaga nr. 61/2003.

- Ekki eru tilgreindar leiðbeiningar í drögum um hvernig gjaldtöku skuli háttáð, en í leiðbeiningum segir að eðlilegt sé að miða við magn þess fisks sem fer um höfn. Að mati Vesturbyggðar er gjaldstofninn enn óljós.
- Ekki er tiltekið í drögum hvort gjaldtaka cigi að fara eftir hlutfalli af söluverðmætti, fastri krónutölu pr. kg eða með öðrum leiðum.
- Ljóst er að ef tillagan verður að óbreyttu að lögum muni áfram ríkja nokkur óvissa um gjaldtöku af eldisfiski.

Vesturbyggð vill því leggja til breytingu á 17. gr. hafnalaga skv. 3. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

- a) Við 1. tölul. 2. mgr. 17. gr. bætist við nýr staffliður, svohljóðandi: Eldisgjald af eldisfiski í sjókvíum sem umskipað er, lestaður er eða losaður í höfnunum. Sé gjaldið innheimt skal það vera minnst 0,7% og mest 3,0% af heildaraflaverðmætti miðað við meðaltal alþjóðlegs markaðsverðs á Atlantshafslaxi fyrir þann mánuð sem slátrun fer fram. Stofn til útlagningar gjalds samkvæmt tölulíð þessum skal miða við þyngd afurða eftir slátrun, slægðan fisk. Hafnargjald samkvæmt þessum stafflið skal standa undir kostnaði við að byggja, reka, viðhalda og endurnýja viðlegumannvirki, *áþþkan hafna*, aðstöðu við bryggjur og á hafnarbakka, þar sem við á, og almennan rekstrar- og stjórnunarkostnað. Gjöld samkvæmt þessum stafflið skulu greidd af þeim sem ræktað hafa og eiga eldisfiskinn sem fer um höfn hverju sinni.
- b) 3. mgr. orðast svo: Gjaldtaka hafna skv. 2.-10. tölul. 2. mgr., að undanskilinni 3. mgr. 17. gr., skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt sameiginlegum kostnaði, eftir því sem við á.
- c) Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
Heimilt er að veita afslátt af gjöldum með vísan til umhverfissjónarmiða, orkunýtni eða kolefnisnýtni sjóflutninga samkvæmt nánari útfærslu í gjaldskrá. Afslættir skal vera gagnsær, hlutlægur og án mismununar og samrýmast samkeppnislögum. Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla nánar fyrir um afslátt af gjöldum.

Ofangreind tillaga tekur mið af fjárhæð gjalds sem tekið er á hvert kílógramm slátraðs lax í samræmi við lög um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð nr. 89/2019, en þar segir í 2. mgr. 2. gr. laganna að fjárhæð gjalds á hvert kílógramm slátraðs lax skuli miðast við meðaltal alþjóðlegs markaðsverðs á atlantshafslaxi frá ágúst til október næst fyrir ákvörðunardag. Í ofangreindri tillögu Vesturbyggðar er horft til þess að þyngd miðist við þyngd afurða eftir slátrun, slægðan fisk.



## Vesturbyggð

Aðalsíð 75, 450 Pósteið, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Einnig leggur Vesturbyggð áherslu á að skýra þurfi nánar eftirfarandi atriði vegna 3. gr. frumvarpsins og varða 17. gr. hafnalaga:

- Sé ekki tekið undir tillögu Vesturbyggðar um að miða við heildaraflaverðmæti með ofangreindum hætti, þá er mikilvægt að skýrt sé betur í frumvarpinu á hvaða gögnum verð á kg. eða tonn skuli byggt. Til hvaða tímabils ber höfnum að horfa til þegar litið er til þeirra kostnaðarþátta sem þjónustugjaldinu er ætlað að standa undir og tilgreindir eru í drögumum. Áætlanir um viðhald og endurnýjun viðlegumannvirkja nær oftar en ekki yfir nokkurra ára tímabil og þá er staða hafna misjöfn. Æskilegt er að skýrt sé til hversu langs tímabils ber viðkomandi hafnasjóði að líta til. Getur það sérstaklega átt við hafnir þar sem jafnvel áratuga uppsöfnuð viðhaldsþörf er til staðar og mikilvægt er að tekjur af eldisfiski standi undir slíkum rekstri og framkvæmdum lík og aðrar tekjur. Einnig er bent á að mikilvægir kostnaðarliðir eins og vegna dýpkunar í höfnum er ekki tilgreind í ákvæðum og mikilvægt að sá kostnaður sé einnig tilgreindur. Þá er æskilegt að skýrt sé að þar sem hafnasjóði fari með rekstur margra hafna að heimilt sé að ráðstafa þjónustutekjumum á allar þær hafnir sem viðkomandi hafnasjóður rekur, óháð því hvar viðkomandi gjaldtaka á sér stað.
- Einnig er mikilvægt að litið verði til umfangs þeirrar starfsemi sem fer fram á hafnarsvæðum. Með tilkomu fiskeldis er aukin umferð þjónustubáta og aukin viðlega slíkra báta í höfnum þar sem fiskekki er stundað. Það er því mikilvægt að skýr gjaldtaka sé vegna þeirrar auknu notkunar sem er á hafnarmannvirkjum sveitarfélaganna. Leggur Vesturbyggð því áherslu á að gjaldtaka fyrir þær hafnir sem gegna hlutverki þjónustuhafna og eldisfiski er ekki landað til slátrunar séa tryggðar skýrar gjaldtökuheimildir.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að hafnir innan samevrópska flutningsnetsins sé skylt að eiga samráð við notendur hafna um gjaldtöku sína. Þá segir ennfreður að ráðherra skuli með reglugerð tilgreina þær íslensku hafnir sem eru innan samevrópska flutningsnetsins. Af greinargerð frumvarpsins verður ekki ráðið til hvaða atriða verði litið þegar ákveðið verður hvaða hafnir falli innan samevrópska flutningsnetsins, hvaða skilyrði slíkar hafnir þurfi að uppfylla. Ljóst er að krafa um aukið samráð, veitingu upplýsinga til notenda og fleiri atriði sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2017/352, mun reynast minni höfnum erfið í framkvæmd. Einnig er æskilegt að tiltekna leiðbeiningar séu í greinargerð frumvarpsins og til hvaða atriða ráðherra beri að líta til við ákvörðun um hvaða hafnir skuli falla innan evrópska flutningsnetsins.

Að lokum ítrekar Vesturbyggð áskorun til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra dags. 16. október 2019 þar sem ráðherra var hvattur til að farið verði í heildarendurskoðun á ákvæðum hafnalaga nr. 61/2003. Meðal annars vegna þeirra breytinga sem aukið fiskeldi hefur haft fyrir hafnir landsins og því mikilvægt að gjaldtaka af eldisfiski taki mið af annari gjaldtöku sem hið opinbera hefur mælt fyrir um að innheimt verði af fiskeldisfyrirtækjum m.a. skv. lögum um fiskekki og lögum um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð nr. 89/2019.

Fyrir hönd Vesturbyggðar,

  
Kjúla Hilmarsson, bæjarstjóri

